

Fjórði fundur haldinn að Breiðabliki 28. maí 2020 að Breiðabliki kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð. Konráð Konráðsson mætti undir fyrsta lið.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Eyja og Miklaholtshrepps vegna 2019 fyrri umræða. Konráð Konráðsson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir helstu niðurstöðutölur ársreikningsins og hvernig farið var með eignarmyndunina sem varð vegna framkvæmda. Þeir styrkir sem fengust í þau verkefni komu til lækkunar á eignamyndun og höfðu því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðuna.

Helstu niðurstöður eru;

• Rekstrartekjur	kr. 180.464 milj
• Rekstrargjöld	kr. 162.358 milj
• Fjármagnstekjur	kr. 4.750 milj
• Rekstrarniðurstaða jákvæð upp á	kr. 21.371 milj
• Eignir A hluta samtals	kr. 265.416 milj
• Eignir B hluta samtals	kr. 256.181 milj

Hreppsnefnd fagnar góðri afkomu sveitarfélagsins vegna ársins 2019 þrátt fyrir að gjöldum á íbúa hafi verið aldið í lámarki m.a. fasteignagjöld á atvinnufyrirtæki einungis 0,5 %.

Ársreikningurinn samþykktur til seinni umræðu. Konráð vék af fundi.

2. Deiliskipulag vegna umhverfis Laugargerðisskóla. Oddvita falið að koma ábendingum til Alta og síðan senda skipulagið til skipulags og byggingarnefna.
3. Stuðningur við ÍM vegna fyrirhugaðs starfs í sumar. Formaður ÍM hefur kynnt fyrir oddvita hugmyndir af starfi félagsins í sumar. Verður farið nánar yfir verkefnið á næsta fundi.
4. Bréf EFS dagsett 14. maí 2020 og varðar viðbrögð við covid 19. Lagt fyrir til kynningar.
5. Samningur um styrk úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Um leið og hreppsnefnd samþykkir samninginn fagnar hún þessum styrk en með honum gefst tækifæri á að vinna betur með útisvæðið að Breiðabliki.
6. Samningur við umhverfisstofnun vegna refaveiða. Samþykktur .
7. Fundarboð á aðalfundi SSV, Sorpurðunar Vesturlands og aðalfund Heilbrigðisnefndar Vesturlands sem fram fara 15. júní 2020 að Hótel Hamri. Samþykkt að tilnefna Atla Svein Svansson í stjórn SSV og til vara Halldór Jónsson.
8. Fundarboð á aðalfund Brákarhlíðar sem fram fer 4. júní 2020
9. Fundarboð á arsfund Lánasjóðs sveitarfélaga sem fram fer 12. júní 2020
10. 151 fundargerð stjórnar SSV
11. 152 fundargerð stjórnar SSV
12. 153 fundargerð stjórnar SSV
13. Fundargerð stjórnar Sorpurðunar Vesturlands frá 26. Febrúar 2020
14. Fundargerðir 882, 883 og 884 sambands íslenskra sveitarfélags.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)